

Kennslumat í fjarnámi á vorönn 2023

Kennslumat fjarnáms var opið frá 14. apríl út önnina. Að þessu sinni var ákveðið að hafa matið opið öllum nemendum. Þátttakan var dræm. Alls voru nemendur í fjarnámi 1273 og samanlagður fjöldi þátttakenda í áföngum 2571 (nemendur voru að meðaltali skráðir í tvo áfanga). Einungis 120 nemendur af 1273 (9,4% fjarnema) svöruðu könnuninni og 166 svör bárust af 2571 (6,5% þátttaka). Viðmiðunardagsetning nemendafjölda er 20. apríl 2023. Svör bárust frá nemendum í 63 áföngum af 87 (72%) svo ætla má að könnunin hafi fengið góða dreifingu.

Að jafnaði svöruðu 2,6 nemendur könnuninni í 63 áföngum (af 87 (72% þátttaka)). Þátttakan var minni en á haustönn 2022 þegar hún var 32% í raungreinaáföngum.


Könnunin fór fram í gegnum Microsoft Forms og var einungis aðgengileg nemendum skólans. Könnuninni var dreift af fjarnámsstjóra með tölvupósti. Nokkrir hvatningarpóstar voru sendir út til nemenda um að svara könnuninni.

Spurningalistinn var óbreyttur frá fyrri önnum.

1. Námsáætlun áfangans er skýr
2. Áfanginn er vel skipulagður
3. Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni
4. Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega
5. Kennarinn skilar verkefnum fljótt
6. Kennarinn skilar verkefnum með leiðbeiningum og góðum athugasemdum
7. Ég er almennt ánægð/ur með áfangann
8. Ég mæli hiklaust með fjarnámi FÁ við aðra nemendur
9. Gefðu áfanganum einkunn á bilinu 1 - 10
10. Hvað finnst þér best við áfangann?
11. Hvað finnst þér að þyrfti að laga í áfanganum?
12. Hver er aldur þinn?
13. Ertu í öðru námi á önninni en fjarnámi FÁ? Merktu við allt sem við á.

Svörunin var óvenju slök eins og áður segir en hafa ber í huga að úrtakið í ár var allt fjarnámið en ekki hin fyrri ár. Þar sem svo fá svör bárust í hverjum áfanga þá er ógerningur að gefa kennurum endurgjöf nema í undantekningartilvikum.

Dreifing í fjölda þátttakenda í áföngum



Einungis í einum áfanga nær þátttakan 15 manns en í 2/3 tilvika þeirra sem svara eru þátttakendur 1-2.


Niðurstöður spurninga 1-8

Hér á eftir koma svo niðurstöður hverrar spurningar fyrir sig. Nemendur voru að mestu leyti sammála fullyrðingunum.

Spurning 1

Námsáætlun áfangans er skýr


Mjög sammála



Spurning 2


Áfanginn er vel skipulagður

Mjög sammála




Spurning 3

Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni




Spurning 4

Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega




Spurning 5

Kennarinn skilar verkefnum fljótt




Spurning 6

Kennarinn skilar verkefnum með leiðbeiningum og góðum athugasemdum




Spurning 7

Ég er almennt ánægð/ur með áfangann



Spurning 8

Ég mæli hiklaust með fjarnámi FÁ við aðra nemendur



Rýnt í niðurstöður spurninga 1-8.

Þegar spurningunum er raðað í röð eftir því hve sammála (mjög eða frekar) nemendur eru sammála þeim kemur í ljós að nemendur eru mest sammála því að námsáætlun áfangans sé skýr en síst sammála því að kennarinn skili verkefnum fljótt.

Spurning	Sammála	Veit ekki/vil ekki svara	Ósammála
Námsáætlun áfangans er skýr	91%	3%	6%
Áfanginn er vel skipulagður	81%	4%	15%
Ég mæli hiklaust með fjarnámi FÁ við aðra nemendur	79%	10%	11%
Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni	78%	8%	14%
Ég er almennt ánægð/ur með áfangann	75%	9%	16%
Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega	74%	19%	7%
Kennarinn skilar verkefnum með leiðbeiningum og góðum athugasemdum	67%	18%	15%
Kennarinn skilar verkefnum fljótt	66%	18%	16%

Þegar neðstu þrjár spurningarnar eru skoðaðar þá eru nemendur síst sammála staðhæfingum um endurgjöf frá kennurum. Einnig er eins og þeir vilji ekki eða treysti sér ekki til að svara neðstu þremur spurningunum í ríkari mæli en öðrum. Þetta vekur spurningar um svarhraða kennara á Moodle. Samkvæmt reglum um fjarnám þá má kennari ekki taka sér lengri frest en tvo virka daga til að svara nemanda. Annað sem vert væri að skoða er með hvaða hætti endurgjöf kennara er á verkefni og hvernig námsmati er háttað.


Þegar efstu fjórar spurningarnar eru skoðaðar þá snúa þrjár þeirra að skipulagi, námsáætlun og notkun á gagnvirkum prófum. Nemendur virðst vera ánægðastir með það.

Þá er ánægjulegt að 79% nemenda mæla með fjarnáminu í FÁ.

Niðurstöður spurningar 9

Að meðaltali gáfu nemendur áföngunum sínum einkunnina 7,6. Miðgildi einkunna var 8,0. Þá fengum 24% áfanga einkunnina 6 eða minna og 40,5% einkunnina 9-10.

Einkunnir sem nemendur gáfu áföngunum sínum í kennslukönnun fjarnáms vorið 2023



Þessi útkoma verri en á haustönn 2022. Þá gáfu 70% nemenda áföngum sínum einkunnina 8 eða hærra en nú er þessi tala 64,5%. Þá var meðaleinkunnin 8. Þá gáfu einungis 1% nemenda áföngum sínum falleinkunn en nú eru þeir 11,4% sem það gera.

Niðurstöður spurningar 10

Þegar nemendur eru spurðir um það hvað þeim þótti best við áfangann þá nefna þeir gjarnan kennarann, skipulagið, skjót viðbrögð kennarans við spurningum og uppsetningum námsáfanga á Moodle. Hér á eftir faran okkur dæmi um svör

- *Kennslumyndbönd kennarans eru mjög góð og vikulegar æfingarnar eru einnig mjög hjálplegar.*
- *Mjög góðar og ýtarlegar leiðbeiningar frá kennara um hvað mátti betur fara í verkefnum. Ég lærði margt mikilvægt af flestum verkefnum og það mun nýtast vel í náminu. Svo var kennarinn mjög skilningsríkur og svaraði fljótt skilaboðum.*
- *Ótrúlega áhugavert, fróðlegt og skemmtilegt námsefni. Kennarinn er líka ein sú allra besta... hún er þolinmóð, peppandi og skemmtileg ásamt því að hún kennir efnið á mannamáli sem maður skilur og það er kostur*

Niðurstöður spurningar 11


Þegar nemendur eru spurðir um hvað betur megi fara í áföngunum þá nefna þeir skipulag, uppsetningu á Moodle og hraða í endurgjöf kennarans.

Hér á eftir fara nokkur dæmi um svör nemenda:

- Skipulagið er óskýrt að mínu mati, skipt í of marga flokka með flóknu númera kerfi. Það eru of margar möppur til að opna og of margir ólíkir möguleikar og tákni sem þarf að opna til að sækja upplýsingarnar. mætti einfalda.
- Sérstaklega var þetta bagalegt með rauntíma 2 þar sem kom póstur á þriðjudegi með eftirfarandi skilaboðum: "Rauntíminn verður núna á miðvikudaginn, ég gat ekki auglýst tímunn fyrir þar sem ég var veik og var ekki viss með dagsetninguna" en engar nánari upplýsingar um klukkan hvað eða með tengli á fund. Einnig hafa skil á einkunnum dregist þónokkuð.
- Það væri betur ef kennarinn útskýrir betur lesefnin sem er okkur látin að lesa því það eru sumir sem skilja ekki mjög vel íslensku og að kennarinn ætti að gera vídeó með því að útskýra hvað fjallar bókin og líka vídeó af kennaranum útskýra verkefni.

Niðurstöður spurningar 12


Aldursdreifing svarenda var þannig að innan við þriðjungur er á framhaldsskólaaldri (16-20) og rúmur þriðjungur eldri en 30 ára. Þá voru 17,5% á grunnskólaaldri.



Þátttakan í yngstu og elstu aldurshópunum er best en lélegust á framhaldsskólaaldri og hjá þeim sem eru undir 30 ára.


Niðurstöður spurningar 13

Flestir svarenda voru ekki í öðru nám en fjarnámi við FÁ eins og á haustönn 2022 en næst flestir voru í grunnskólanámi



Á haustönn 2022 voru 19% svarenda í dagskólanámi í öðrum framhaldsskóla.

Fjöldi áfanga sem fjarnámsnemendur skráðu sig í



Myndin hér að ofan sýnir fjölda áfanga sem nemendur skráðu sig í í fjarnámi. 43% nemenda skráðu sig í einn áfanga 73% í einn til tvo.

Lokaorð

Þátttakan í kennslumati vorið 2023 var alls ekki nógu góð nema ef litið er til þess að svörin koma frá 72% kenndra áfanga. 73% nemenda eru í einum til tveimur áföngum og því er ekki hægt að segja að könnunin sé íþyngjandi í þeim skilningi að margir nemendur þurfi að svara sömu könnuninni aftur og aftur.

Skoða þarf alvarlega hvort ekki sé hægt að nota aðrar leiðir en að dreifa könnuninni með tölvupósti, s.s. eins og í gegnum námsvef.

Ekki er annað að sjá en að nemendur ánægðir með fjarnámið í FÁ, því einungis 11% myndu ekki mæla með fjarnámi við skólann á móti 79% sem myndu gera það. Það sem nemendur vilja helst sjá breytingar á varðar svarhraða og endurgjöf kennara. Skýrsluhöfundur þykir rétt að kanna þessi mál þegar innri úttekt verður gerð á fjarnáminu.

Reykjavík í september 2023

Unnar Þór Bachmann
Gæðastjóri

